

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 98/39/EB

frá 5. júní 1998

um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 75/321/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi stýrisbúnað landbúnaðardráttarvéla á hjólum

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 75/321/EBE frá 20. maí 1975 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi stýrisbúnað landbúnaðardráttarvéla á hjólum ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/54/EB ⁽²⁾, einkum 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Líta ber svo á að hreyfilbilun geti orsakað bilun í sérstökum hjálparbúnaði sem aftur gæti leitt til þess að stýrisbúnaður læsist.

Því ber að gera breytingar á tilskipun 75/321/EBE í samræmi við það.

Ákvæði þessarar tilskipunar eru í samræmi við álit nefndarinnar um aðlögun að tækniframförum sem var komið á fót með tilskipun ráðsins 74/150/EBE ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 97/54/EB.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi komi í stað fyrsta málslíðar í lið 2.2.4.1.2 í viðaukanum við tilskipun 75/321/EBE:

„Ef dráttarvélin er með sjálfstýrisbúnaði eins og hann er skilgreindur í 1.2.1.3 og sé hann með hreinni vökvastýrisvél, verður að vera hægt að framkvæma stefnubreytingarnar tvær sem tilgreindar eru í 2.2.1.3 með sérstökum viðbótarbúnaði bili sérstaki búnaðurinn eða hreyfillinn.“

2. gr.

1. Frá 1. maí 1999 er aðildarríkjum óheimilt:

— að synja um EB-gerðarviðurkenningu, útgáfu skjalsins sem um getur í þriðja undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar ráðsins 74/150/EBE eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð dráttarvélar, eða

— að banna að dráttarvélar séu teknar í notkun,

ef þær uppfylla kröfur tilskipunar 75/321/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

2. Frá 1. október 1999 mega aðildarríkin:

— ekki lengur gefa út skjalið sem um getur í þriðja undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 74/150/EBE fyrir gerð dráttarvélar sem uppfyllir ekki kröfur tilskipunar 75/321/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

— synja um innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð dráttarvélar ef hún uppfyllir ekki kröfur tilskipunar 75/321/EBE, eins og henni var breytt með þessari tilskipun.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórnslufluyfirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. apríl 1999. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykka þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykka um málefni sem tilskipun þessi nær til.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 5. júní 1998.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Martin BANGEMANN

framkvæmdastjóri.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 147, 9. 6. 1975, bls. 24.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 277, 10. 10. 1997, bls. 24.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 84, 28. 3. 1974, bls. 10.